

Má til með að segja frá frábærri þjónustu Íkon (Eðalnet). Ég er hálfgerður rati í tölvumálum og kveið þess að vinna í tölvuuppsetningu og heimasíðu nýstofnaðs fyrirtækis sjálfur, hélt það óyfirstíganlegt.

Íkon í Kópavogi var með besta verðið á vistun fyrir heimasíður svo það lá beinast við að tala fyrst við þá. Eftir að hafa skoðað verðið og möguleikana var þetta aldrei spurning. Þeir settu upp heimasíðuna í vefumsjónarkerfi og vista hana fyrir okkur. Ég fékk leiðbeiningar á mannamáli sem hafa dugað mjög vel ef ég hef strandað sendi ég póst og fæ aðstoð mjög skjótt. Ég mæli með vistunarpökkunum frá Íkon þeir hafa reynst okkur frábærlega.

Tyrfingur Tyrfingsson framkvæmdastjóri Icefin ehf Nóatúni 17